

32. sveitarstjórnarfundur Fljótsdalshrepps, aukafundur 27.11 2019, Végarði kl. 13:30

Mætt : Jóhann F. Þórhallsson, Eiríkur J. Kjerúlf, Anna Jóna Árnmarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfsdóttir og Lárus Heiðarsson. Kristinn Bjarnason lögfræðingur sveitarfélagsins var í síma við umfjöllun dagskrárliðar 1, og Steingrímur Karlsson frá Óbyggðasetri mætti til fundar ,einnig undir 1. lið.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. Laugarfell

2. Menntastyrkir

Þórhallur Jóhannsson

3. Umhverfisstyrkir

- a) Einar Andrésón, Bessastöðum
- b) Þorsteinn Pétursson, Víðivallagerði
- c) Friðrik Ingólfsson, Valþjófsstað 2
- d) Jóhann F. Þórhallsson og Sigrún Ólafsdóttir, Brekkugerði

4. Fjárhagstengd málefni

- a) Reglur Fljótsdalshrepps um niðurgreiðslur vegna daggæslu barna í heimahúsum
- b) Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning hjá Fljótsdalshreppi
- c) Reglur um umhverfisstyrki 2020
- d) Fjárhagsáætlun fyrir samfélagsverkefnið „ Fögur framtíð í Fljótsdal“.
- e) Fjárbeiðni frá ÚÍA um framlög 2020, dags. 18.11 2019

5. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2020 og 2021-2023, fyrri umræða

6. Önnur mál

1. Laugarfell

- a) Steingrímur Karlsson kom á fundinn og rætt var um efnisatriði samnings um leigu Laugarfellsskála , það helsta sem rætt var um voru uppsagnarákvæði, leigutími og leiguverð. Eftir að málin höfðu verið ítarlega rædd, vék Steingrímur af fundi.

Kristinn Bjarnason lögmaður sveitarfélagsins mun koma með tillögur að breytingum á samningsdrögnum, í samræmi við umræðu sem fram fór.

- b) Sveitarstjórn hefur borist bréf frá fráfarandi rekstraraðila, varðandi verðmat þeirra á vinnu og útlögðum kostnaði á uppbyggingu á gönguleiðinni „Fossahringur“. Um er að ræða uppbyggðan göngustíg sem rekstraraðilar gerðu fyrir styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamanna og einnig styrkti Fljótsdalshreppur efniskaup. Farið er fram á að Sveitarfélagið greiði þeim fyrir framkvæmdirnar á grundvelli bókfærðs verðs, 900.000 kr.. Rætt um að koma til móts við fyrrverandi rekstraraðila með greiðslu að upphæð 650.000 kr. Innifalinn er efnislager. Einnig var rætt um viðhald og ábyrgð á göngustígnum og hver eigi að bera ábyrgð á kostnaði vegna viðhalds.

2. Menntastyrkir

Jóhann vék af fundi vegna vanhæfis

Pórhallur Jóhannsson

Samþykktur hámarksstyrkur 190.000 kr.

Jóhann kom aftur til fundar

3. Umhverfisstyrkir

- a) Einar Andrésson, Bessastöðum

Samþykktur hámarksstyrkur

- b) Þorsteinn Pétursson, Víðivallagerði

Samþykktur hámarksstyrkur

Gunnþórunn vék af fundi vegna vanhæfis

- c) Friðrik Ingólfsson, Valþjófsstað 2

Samþykktur hámarksstyrkur

Gunnþórunn kom aftur til fundar

Jóhann vék af fundi vegna vanhæfis

- d) Jóhann F. Pórhallsson og Sigrún Ólafsdóttir, Brekkugerði

Samþykktur hámarksstyrkur

Jóhann kom aftur til fundar

4. Fjárhagstengd málefni

- a) Reglur Fljótsdalshrepps um niðurgreiðslur vegna daggæslu barna í heimahúsum

Samþykktar óbreyttar

- b) Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning hjá Fljótsdalshreppi. Samþykktar óbreyttar

- c) Reglur um umhverfisstyrki 2020. Drög að nýjum reglum kynntar
- d) Fjárhagsáætlun 2020 fyrir samfélagsverkefnið „Fögur framtíð í Fljótsdal“.
Fjárhagsáætlun samþykkt og verður hluti af fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.
- e) Fjárbeiðni frá ÚÍA um framlög 2020, dags. 18.11 2019
Óskað er eftir að sveitarfélagið styrki ÚÍA á árinu 2020 sem nemur 200 kr. á hvern íbúa.
Samþykkt

5. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2020 og 2021-2023, fyrri umræða

Farið yfir drög að fyrirliggjandi fjárhagsáætlun 2020 og 2021- 2023.

Samþykkt að styrkja UMF Þristinn og æskulýðsdeild hestamannafélagsins Freyfaxa , eins og undanfarin ár.

Samþykkt samhljóða að vísa fjárhagsáætlun til annarar umræðu.

Sveitarstjórn ræddi að halda á næstunni kynningarfund fyrir íbúa á fjárhagsáætlun og fjárhagstengdum málum sveitarfélagsins.

6. Önnur mál

- a) Samþykkt að fresta reglubundnum sveitarstjórnarfundum sem vera ætti 3. desember, fram undir miðjan desembermánuð, svo tími gefist til að afgreiða fjárhagsáætlanir innan settra tímamarka.
- b) Lárus mun annast afleysingu oddvita í næstu viku.
- c) Stjórn SSA fundar í Fljótsdal þriðjudaginn 3. desember og hefur boðið Samfélagsnefnd , verkefnisstjóra og oddvita til fundar til að kynna samfélagsverkefnið „Fögur framtíð í Fljótsdal“, einnig er sveitarstjórn boðið að eiga fund með stjórninni.

Fundi slitið klukkan 19:00

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf